

# STJÓRNARFUNDUR BSÍ

## FUNDARGERÐ

<b>Fundarstjóri:</b>	<b>Fundur nr. :</b>	<b>1</b>
<b>Fundarritari:</b> Sigurður Páll Steindórsson	<b>Staður:</b>	Síðumúli 37
<b>Fundargestir:</b> Jafet Ólafsson Ólöf Þorsteinsdóttir Guðný Guðjónsdóttir Gunnar Björn Helgason Sunna Ipsen Gunnlaugur Karlsson Hrannar Erlingsson Sigurður Páll Steindórsson	<b>Dagsetning:</b>	26.5.2021
	<b>Frá kl.:</b>	17:30
	<b>Til kl.:</b>	18:30
	<b>Næsti stjórnarfundur:</b> Ágúst	

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
1	<u>Fundargerð síðasta fundar</u> Jafet Ólafsson setti fundinn. Fundargerð af ársþinginu er aðgengileg á bridge.is.
2	<u>Verkaskipting stjórnar</u> Ákveðið að Denna verði áfram varaforseti, Hrannar gjaldkeri og Sigurður ritari.
3	<u>Rekstur sambandsins</u> Rætt var um viðhaldsþörf á húsnæði BSÍ. Gera þarf við leka á húsinu og hefur viðgerðarkostnaður verið metinn á 700 þús.kr. Gera þarf við fleiri atriði og hyggst Ólöf fá heildartilboð í viðgerð á húsnæðinu. Núverandi húsnæði er um 400 m <sup>2</sup> . Jafet hefur verið í sambandi við Skáksambandið um sameiginlegt nýtt húsnæði síðastliðin tvö ár en ekkert hefur komið út úr því.
4	<u>Norðurlandamót á netinu</u> Rætt var um fyrirhugað Norðurlandamót sem verður haldið á Real Bridge. Ísland sendir fjögur lið til keppni, í opnum flokki, kvennaflokki, senior'a-flokki og blönduðum flokki.
5	<u>Evrópumót og landsliðsmál</u> Fyrirhugað er að halda Evrópumót á netinu. Ætlunin er að Norðurlöndin hafi samræmt eftirlit með sínum mótum (hvert land sendir eftirlitsmann til að fylgjast með keppni í einu öðru landi). Anton Haraldsson hefur tilkynnt að hann sé hættur í landsliðsnefnd. Gerð er tillaga að ræða við Matthías Þorvaldsson um að taka sæti í nefndinni í staðinn fyrir Anton. Jafet ræðir við Matthías og einnig verður rætt við Guðmund Pál um að sjá um æfingar fyrir bæði landsliðin, í opnum flokki og kvennaflokki.
6	<u>Spilamennska í sumar</u> Spilamennska í sumar mun einskorðast við sumarbridge í Reykjavík og á Akureyri og spilamennsku eldri borgara. Líkt og undanfarin ár.

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
	<p>Ólöf bendir á að það vanti sárlega nýja keppnisstjóra. Gunnar Björn getur tekið að sér stjórnun sumarbridge í Síðumúlanum ef þarf.</p> <p>Ákveðið að áhugasömum aðilum verði boðið á keppnisstjóranámskeið í nóvember. Send verður út auglýsing á bridge.is og Facebook.</p>
7	<p><u>Verkefnaskrá stjórnar</u></p> <p>Jafet leggur til að stjórnin skipti með sér verkefnum á eftirfarandi hátt:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Nýliðun og útbreiðslustarf (Sigurður, Denna og Hrannar)</li> <li>• Bridgehátíð 2022 (Jafet, Denna og Gunnlaugur)</li> <li>• Landsliðsmál (Gunnlaugur, Gunnar og Sigurður)</li> <li>• Mót til minningar um Bermúdasigur (Sunna og Gunnar)</li> </ul>
8	<p><u>Nýliðun og markaðsmál</u></p> <p>Rætt var um nýliðamál frá ýmsum hliðum.</p> <p>Gunnar og Ómar Olgeirsson halda nýliðanámskeið á Rjúpnavöllum í ágúst. BSÍ styrkir námskeiðið skv. ákvörðun síðustu stjórnar.</p> <p>Bridgeskólinn byrjar aftur í haust. Rætt um að BSÍ styrki áfram yngri spilara (undir 25 ára) til skólans og hjálpi einnig til við auglýsingar.</p> <p>Sunna stakk upp á að haldið verði mót þar sem reyndari spilarar spili við nýliða.</p> <p>Ómar Olgeirs og Guðmundur Páll munu áfram bjóða upp á kennslu í fyrirtækjum.</p> <p>Gunnlaugur og Hrannar ræddu um möguleika að koma bridge meira inn í skóla. T.d. sem valáfanga í 10. bekk eða sem hluta af öðrum námskeiðum. Einnig væri hægt að sameina kennslu í nokkrum skólum. Rætt verður við Helga Hermanns um átak til að koma bridge í skóla.</p>
9	<p><u>Útleiga á húsnæði BSÍ</u></p> <p>Rætt var um að samræma leiguverð til félaga. Verið er að ræða við eldri borgara um að borga hærri leigu í samræmi við aðra og einnig að fá þá inn í BSÍ.</p>
10	<p><u>Bridgehátíð í lok janúar 2022</u></p> <p>Undirbúningur verður svipaður og síðustu ár. Harpan er þegar pöntuð. Rætt um að fá Guðna forseta til að setja mótið.</p>
11	<p><u>30 ár frá heimsmeistaratitli</u></p> <p>Jafet hefur rætt við landsliðsmenn sem unnu mótið. Allir tilbúnir að taka þátt í móti til að minnst sigursins. Ákveða þarf hvaða gestum verði boðið.</p>
12	<p><u>Önnur mál</u></p> <p>Sigurður og Hrannar sögðu frá gangi mála varðandi nýja heimasíðu, bridge.is. Sverrir G. Kristinsson hefur þegar útbúið nýjan mótavef og ákveðið er að fá hann til að klára nýja síðu. Daníel, sem áður hafði verið fenginn í verkefnið, verður innan handar til yfirferðar og ráðleggingar en gerður nýr samningur um hans vinnu. Hrannar og Sigurður munu áfram leiða verkefnið.</p>